

SOS Barnaþorpin

Ársreikningur 2020



Hamraborg 1
200 Kópavogur

Kt. 500289-2529

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar í SOS-barnaþorpunum

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SOS-barnaþorpanna fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2020, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020 og efnahag þess 31. desember 2020 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð SOS-barnaþorpunum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi SOS-barnaþorpanna og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Kópavogur, 17. maí 2021

Sigurður Jónsson
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi samtakanna er barnahjálp. Fjöldi ársverka var 5.

Farsóttin (COVID 19) hefur ekki haft veruleg fjárhagsleg áhrif á félagið. Lögð var áhersla á markaðsstarf á árinu 2020 og skilaði það sér í auknum frjálsum framlögum og fjölgun styrkarforeldra, en á árinu fjölgaði styrktarforeldrum um rúm 2%. Þrátt fyrir þessa fjölgun styrktarforeldra lækkaði framlag þeirra á sama tíma um rúmlega 1%.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hækkun á hreinni eign til greiðslu hjálparstarfs á árinu kr. 22.906.207. Hrein eign félagsins í árslok var kr. 513.272.881. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Stjórn SOS-barnaþorpanna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Kópavogur, 17. maí 2021

Kristján Þ. Davíðsson, stjórnarformaður

Ólafur Örn Ingólfsson, meðstjórnandi

María F. Rúriksdóttir, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Ragnar Schram

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2020	2019
Framlög			
Framlög styrktarforeldra og barnaþorpsvina		407.083.470	422.631.445
Gjafir til barna og barnaþorpa		8.945.394	10.314.470
Fjölskylduvinir, mánaðarleg framlög		17.224.625	18.205.930
Frjáls framlög og fjáraflanir	3	130.306.320	78.988.286
Fyrirtækja- og stofnanaframlög		16.180.002	17.549.253
Opinber framlög		58.968.902	69.658.746
Húsaleigutekjur		2.232.740	1.989.478
Vaxta, fjármagnstekjur og gengishagnaður		32.797.659	47.967.696
		<u>673.739.112</u>	<u>667.305.304</u>

Útgjöld

Framlög til barnaþorpa	4	346.020.949	359.236.728
Gjafir til styrktarbarna og þorpa		8.945.394	10.314.470
Framlag til SOS International		46.112.927	44.379.346
Stuðningur vegna verkefna		64.667.854	33.998.400
Opinber ráðstöfun til verkefna		58.968.902	69.658.746
Tilkostnaður vegna fjáraflana		39.734.892	22.534.122
Rekstur fasteignar		2.863.259	1.931.363
Laun og launatengd gjöld	5	57.175.719	56.485.894
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta		1.102.028	1.092.653
Kynningar- og markaðsmál		7.154.317	4.707.552
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		13.723.626	15.443.526
Afskriftir	6,7	4.363.038	3.357.183
		<u>650.832.905</u>	<u>623.139.983</u>
Hækkun á hreinni eign til greiðslu hjálpstarfs		<u>22.906.207</u>	<u>44.165.321</u>

Efnahagsreikningur 31.12.2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteign	6	24.188.006	25.811.340
Áhöld og tæki	7	4.739.558	4.223.662
Fastafjármunir samtals		<u>28.927.564</u>	<u>30.035.002</u>
Veltufjármunir			
Óinnheimtar tekjur (kreditkort o.fl.)		13.458.148	13.683.738
Fyrirframgreidd styrktarframlög	8	140.076.353	104.961.431
Eignastýring Landsbankans	9	462.609.095	296.311.486
Sjóður og bankareikningar		80.993.418	274.051.592
Veltufjármunir samtals		<u>697.137.014</u>	<u>689.008.247</u>
Eignir samtals		<u>726.064.578</u>	<u>719.043.249</u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	253.141.641	210.701.063
Neyðarsjóður KDI		13.966.653	23.326.104
Varasjóður		35.874.773	35.874.773
Frátekið vegna verkefna	11	210.289.814	220.464.734
Eigið fé samtals		<u>513.272.881</u>	<u>490.366.674</u>
Skammtímaskuldir og skuldbindingar			
SOS Vínarborg	12	189.327.721	191.195.906
Ýmsar skammtímaskuldir		23.463.976	37.480.669
Skuldir samtals		<u>212.791.697</u>	<u>228.676.575</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>726.064.578</u>	<u>719.043.249</u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SOS-Barnaþorpin eru frjáls félagasamtök og er megin starfsemi samtakanna fólgin í barnahjálpi. Lögheimili félagsins er að Hamraborg 1, 200 Kópavogur.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

Framlög

Framlög eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samtakanna og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Framlög eru metin á gangvirði þegar þau berast.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Gengi

	2020	2019
EUR 31/12	156,1	135,8
DKK 31/12	21,0	18,2

3. Frjáls framlög og fjáraflanir

Undir þessum lið er meðal annars símasöfnun, neyðarsöfnun, valkröfur einstaklinga, vörusala, fjáröflun í tengslum við Reykjarvíkurmaraþon, jólafjáröflun og myntsöfnun.

Skýringar

4. Framlög til barnaþorpa

	2020	2019
Framlög styrktarforeldra og barnaþorpsvina	407.083.470	422.631.445
Umsýslugjald til SOS á Íslandi (15%)	(61.062.521)	(63.394.717)
Framlög til barnaþorpa	346.020.950	359.236.728

5. Laun og launatengd gjöld

	2020	2019
Launakostnaður	46.936.268	45.033.405
Launatengd gjöld	10.239.451	11.452.489
	57.175.719	56.485.894

Stöðugildi hjá SOS Barnaþorpunum voru 5,1 á árinu 2020 og haldast óbreytt milli ára.

6. Fasteign

Fasteignin er skráð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum fyrningum.

	2020	2019
Stofnverð 1/1	40.583.344	40.583.344
Afskrifað alls 1/1	(14.772.004)	(13.148.670)
Afskrifað á árinu	(1.623.334)	(1.623.334)
Bókfært verð 31/12	24.188.006	25.811.340
Afskriftarhlutföll	4%	4%

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti.

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir	57.350.000	71.640.000

7. Áhöld og tæki

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Skýringar

	2020	2019
Stofnverð 1/1	11.517.714	14.574.603
Afskrifað alls 1/1	(7.294.052)	(10.650.043)
Viðbót á árinu	3.255.600	2.032.951
Afskrifað á árinu	(2.739.704)	(1.733.849)
Bókfært verð 31/12	<u>4.739.558</u>	<u>4.223.662</u>
Afskriftarhlutföll	20%	20%

8. Fyrirframgreidd styrktarframlög

SOS International starfrækir greiðslukerfi fyrir styrktarframlög (Shared Treasury Services / STS kerfi). Ársfjórðungslega greiðir SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem síðan dreifir styrktarframlögum til styrkþega. Í desember ár hvert greiðir t.a.m. SOS á Íslandi fjármuni í STS kerfið sem eru framlög vegna fyrsta ársfjórðungs næsta árs og myndar sú fjárhæð inneign í reikningum SOS á Íslandi.

9. Eignastýring

	2020	2019
Matsvirði sjóða og skuldabréfa í lok árs	464.324.298	299.444.011
* Fjármagnstekjuskattsskuldbinding	(1.715.203)	(3.132.525)
	<u>462.609.095</u>	<u>296.311.486</u>

* Til lækkunar á eigninni kemur skuldbinding vegna vænts fjármagnstekjuskatts af óinnleystum hagnaði í árslok, sem er 22%.

10. Óráðstafað eigið fé

	2020	2019
Óráðstafað eigið fé 1/1	210.701.063	226.122.715
* Færsla m. eiginfjárliða, breyting á neyðarsjóð KDI	9.359.451	0
* Færsla m. eiginfjárliða, breyting á framtíðarverkefnum	10.174.920	(59.586.973)
Afkoma	22.906.207	44.165.321
	<u>253.141.641</u>	<u>210.701.063</u>

* Meðal eign fjár eru teknir frá fjármunir fyrir neyðarsjóð KDI, varasjóð og framtíðarverkefni (skýring nr. 11). Breytingar ársins meðal eign fjár eru færðar hér.

11. Frátekið fyrir framtíðarverkefni

SOS á Íslandi hefur tekið frá fjármuni meðal eigin fjár, til þess að standa undir verkefnum í framtíðinni.

	2020	2019
Verkefnasjóður	1.561.000	6.791.500
Erfðagjöf (verkefni á Grænlandi)	37.881.889	37.881.889
Eþíópía	67.000.000	67.000.000
* Fjölskyldueflingarverkefni (FSP)	25.796.925	40.876.345
Revolving fund	78.050.000	67.915.000
	<u>210.289.814</u>	<u>220.464.734</u>

* Á árinu 2020 starfrækti SOS á Íslandi (SOS) fjögur verkefni með styrk frá Utanríkisráðuneytinu (UTN). Einu þeirra, verkefni í Filippseyjum lauk á árinu 2020. Verkefnin eru að stærstum hluta fjármögnuð af UTN en SOS leggur til 20% fjármagns, sé miðað við upphafsgengi hvers verkefnis. Þess til viðbótar ber SOS alla áhættu vegna gengisbreytinga sem verður á verkefnatímanum. UTN styrkir hvert verkefni með fastri fjárhæð og eru styrkir tekjufærðir eftir framvindu verkefnanna. SOS hefur tekið frá fjármuni meðal eigin fjár til þess að standa straum af sínum hluta í verkefnunum, auk þess hafa verið teknir frá fjármunir til þess að standa staum af gengisbreytingu m.v. miðgengi Seðlabanka Íslands 31.12.2020.

a) Tulu Moye í Eþíópíu:

Verkefnið hófst árið 2018 og er til fjögurra ára. Heildar styrkuppþæð UTN er 67,6 milljónir kr. og eru 16,7 milljónir kr. tekjufærðar á rekstur ársins 2020. Á árinu 2020 voru greiddar EUR 167.178 til verkefnisins og eru eftirstöðvar verkefnisins EUR 128.850 eða kr. 20.113.507 miðað við árslokagengi.

b) Sómalía og Sómalíuland:

Verkefnið er til þriggja ára og hófst á árinu 2019. Heildar styrkuppþæð UTN er 51,5 milljónir kr. Á árinu 2020 voru greiddar EUR 178.678 til verkefnisins og eru eftirstöðvar verkefnisins EUR 181.608 eða kr. 28.349.070 miðað við árslokagengi.

c) Filippseyjar

Á árinu 2020 lauk fjárstuðningi SOS og UTN við verkefnið á Filippseyjum en miða við verkefnaáætlun átti verkefninu að ljúka árið 2021. Á árinu 2020 voru greiddar EUR 108.844 til verkefnisins eða 16,6 milljónir. Sú fjárhæð var ekki nýtt að fullu og voru kr. 1.738.506 endurgreiddar á árinu 2021.

d) Tógó

Verkefnið er til þriggja ára og hófst á árinu 2020. Heildar styrkuppþæð UTN er 35,9 milljónir kr. Á árinu 2020 voru greiddar EUR 132.563 til verkefnisins og eru eftirstöðvar verkefnisins EUR 184.421 eða kr. 28.788.087 miðað við árslokagengi.

Skýringar

12. SOS Vínarborg

Skuldbinding er vegna framlaga styrktarforeldra og barnþorpsvina frá 1. júlí 2020 til ársloka 2020. Sú fjárhæð kemur til greiðslu á fyrstu sex mánuðum ársins 2021.

	2020	2019
Nettó skuldbinding við Vínarborg	49.251.368	86.234.475
Fyrirframgreidd styrktarframlög (skýring nr. 8)	140.076.353	104.961.431
Skuldbinding við Vínarborg	<u>189.327.721</u>	<u>191.195.906</u>